

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í
atvinnuskyni fiskveiðíárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Falli varanlega niður veiðileyfi, sem skip hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað. Er heimilt að veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað eins skips er úr flotanum hverfur eða úrelða fleiri en eitt skip í stað skips er í flotann bætist, enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans aukist ekki við skiptin. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að endurnýjunarrétti hafi ekki verið afsalað.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Rúmtala skips eða skipa, sem veiðileyfi fá samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal ekki vera hærri en rúmtala þess skips eða skipa, sem úr flotanum hverfa í þeirra stað.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir, samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr flotanum. Hinu nýja eða nýkeypta skipi er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands fyrir en fyrir liggur staðfesting á því, að skipið sé horfið úr flotanum og Fiskistofa hefur veitt hinu nýja eða nýkeypta skipi leyfi til að hefja veiðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.